



Áhersluatriði Evrópska verðbréfaeftirlitsins

European Common Enforcement Priorities for the year ended December 31, 2025

Ársreikningaskrá – Katrínartúni 6, 16. desember 2025

1



Af hverju birtir Verðbréfaeftirlit Evrópu (ESMA) áhersluatriði fyrir eftirlit með reikningsskilum (ECEP) fyrir hvert ár?

Áhersluatriðunum er beint til:

stjórnar og framkvæmdastjórnar

endurskoðunarnefnd

endurskoðendum

Verðbréfaeftirlit Evrópu hefur, allt frá því árinu 2012, gefið út árlega áhersluatriði í eftirliti með fjárhagslegum reikningsskilum til þess;

- að tryggja gegnsæi og samanburðarhæfi í IFRS reikningsskilum og sjálfbærnis-skýrslum
- að stuðla að vandaðri beitingu þeirra krafna sem eru gerðar til þessa skýrslna á Evrópska efnahagssvæðinu

Til að taka á atriðum sem hafa komið upp í eftirliti hvað varðar gæði upplýsinga og samræmi við gildandi regluverk (IFRS/ESRS)

Setja fram sameiginlegar áherslur fyrir eftirlitsaðila í hverju ríki fyrir sig

Markmiðið er að tryggja fjárhagslegan stöðugleika og auka við traust fjárfesta á bæði fjárhagslegum og ófjárhagslegum (sjálfbærniskýrslum) reikningsskilum

2



Að hvaða þáttum beinast áhersluatriði ESMA á fyrir reikningsárið sem lauk 31. desember 2025?

Alþjóðlegir reiknings-
skilastaðlar IFRS

Áhersluatriði sem beinast að fjárhagslegum reikningsskilum (IFRS);

- landræðipólistískri áhættu og óvissu
- upplýsingagjöf um starfshætti

Evrópskir sjálfbærni-
staðlar ESRS

Áhersluatriði sem beinast að sjálfbærnisráðgjörðum (ESRS og EU Taxonomy);

- atriði sem varða mikilvægi við framsetningu sjálfbærniupplýsinga
- umfang og uppbygging sjálfbærnisráðgjörðina

Sameiginlegt rafrænt
skýrslusnið ESEF

Áhersluatriði sem beinast að sameiginlegu rafrænu skýrslusniði (ESEF);

- almennar skekkjur sem hafa fundist í sjóðstreymisýfirliti

Almenn atriði og
ábendingar


Almenn atriði og ábendingar

- samræmi og tengsl fjárhagslegra reikningsskila og sjálfbærniupplýsinga

3



Að hvaða þáttum beindust áhersluatriði ESMA á síðasta ári, það er vegna reikningsársins sem lauk 31. desember 2024?



Áhersluatriði síðasta árs hvað varðar fjárhagsleg reikningsskil (IFRS);

- lausafjáráhættu félaga
- reikningsskilaaðferðum, dómgreind stjórnenda og liðir sem eru verulega matskenndir

Áhersluatriði varðandi sjálfbærnisráðgjörð (ESRS og EU Taxonomy);

- tvíþátta mikilvægi
- umfang og uppbygging sjálfbærnisráðgjörðina
- upplýsingagjöf skv. 8. gr. EU Taxonomy reglugerðarinnar


Áhersluatriði varðandi sameiginlegt rafrænt skýrslusnið (ESEF);

- almennar villur sem hafa fundist í efnahagsreikningi

4



Upplýsa þarf um landfræðipólistíska áhættu og óvissu; stefnumótandi áhrif á félög á tímum alþjóðlegrar óvissu



Áframhaldandi stríðsátök í Úkraínu og spennu í Miðausturlöndum ásamt breytingum á tollum á milli landa hafa haft veruleg áhrif á verðmyndun á orku- og hrávöru-mörkuðum


Truflanir í aðfangakeðjum og breytt viðskiptamynstur hefur í för með sér möguleg áhrif á fjárhagsleg reikningsskil, þar með talið;

- möguleg niðurfærsla birgða (IAS 2) og virðisrýrnun ófjárhagslegra eigna (IAS 36) vegna tolla, hærri inntakskostnaðar, truflana í aðfangakeðjum eða breytinga á eftirspurn
- endurskipulagning viðskiptalíkans og skuldbindingum (IAS 37, IFRS 5), þar á meðal vegna íþyngjandi samninga og lokun starfseininga
- áhrif á frestaðar skatteignir (IAS 12)
- áhrif á tekjufærslu vegna langtímasamning (IFRS 15)
- Önnur atriði, svo sem vænt útlánatöp og breytingar á áhættu (IFRS 9, IFRS 7)

5



Landfræðipólistísk áhætta og óvissa; ekki óljósar tilvísanir í „áhættu eða óvissu“ heldur skýrar upplýsingar um forsendur, tölur og samræmdri frásögn fyrir viðkomandi fyrirtæki




Fyrirtæki þurfa að veita upplýsingar um hvernig landfræðipólistísk áhætta hefur áhrif á lykilforsendur sem notaðar eru við mat, þar með talið;

- rekstrargrundvöll viðkomandi fyrirtækis
- í stað almennra tilvísana (boilerplate) til landfræðipólistískrar áhættu og óvissu þarf að setja fram skýrar upplýsingar fyrir afmarkaða atburði og lýsingu á áhrifum af þeim
- setja þarf fram næmnigreiningu í þeim tilvikum þar sem breyting á forsendum getur haft veruleg áhrif á bókfært verð á næstu tólf mánuðum
- tryggja að það sé samræmi á milli þeirra áhættu og forsenda sem fjallað er um í ársreikningi annars vegar og í skýrslu stjórnar og sjálfbærnisráðgjafar hins vegar

6



Skýringar um starfsþætti eiga skv. IFRS 8 að endurspegla sýn æðsta ákvörðunartökuaðila og byggja á þeim upplýsingum sem hann byggir á við ákvörðunartöku




Tryggja þarf að upplýsingar um starfsþætti endurspegli innri upplýsingagjöf til æðsta ákvörðunartökuaðila (COMD), þar með talið;

- upplýsa þarf um helstu forsendur sem notaðar eru til að skilgreina starfsþætti, svo sem vörur, landfræðileg svæði og regluumhverfi
- aðeins má sameina starfsþætti í þeim tilvikum þegar þeir hafa í raun og veru svipuð efnahagsleg einkenni (svo sem framlegð, vöxt eða áhættu) og slík sameining er í samræmi við meginreglur sem settar eru fram í IFRS 8
- útskýra þarf forsendur og mat fyrir sameiningu starfsþátta og þau viðmið sem notuð eru til að sýna fram á svipuð efnahagsleg einkenni
- endurmeta þarf skiptingu starfsþátta og samsetningu/sundurliðun tekna þar sem landfræðipólitísk áhætta eða loftslagsþættir hafa breytt áhættu, arðsemi eða því hvernig stjórnendur fylgjast með afkomu
- hver fjárskapandi eining (CGU) sem viðskiptavild er úthlutað til má ekki vera stærri en viðkomandi starfsþáttur (IAS 36.80)

7



Skýringar um starfsþætti eiga að endurspegla það hvernig æðsti ákvörðunartökuaðili sér og metur frammistöðu og áhættu í starfsumhverfi félagsins




Segja þarf frá hagnaði eða tapi og öðrum liðum sem varða starfsemi félagsins þegar þau koma fram í upplýsingagjöf til CODM eða hann fær reglulega upplýsingar um þessa liði

- verulegir liðir sem tengjast tekjum eða gjöldum takmarkast ekki aðeins við óvenjulega eða einskiptisliði (IFRS 8.23(f)) heldur þarf að beita meginreglum IAS 1 um mikilvægi í ljósi sérstakra aðstæðna í umhverfi viðkomandi félags
- upplýsa þarf um tekjur og tengda fastafjármuni eftir löndum eða landsvæðum (heimaland, einstök ríki og öll lönd saman) út frá mikilvægishugtakinu
- við mat á mikilvægi þarf að gæta bæði að eigindlegum og megingindlegum þáttum
- Greina þarf frá tekjum helstu viðskiptavina sem ná að minnsta kosti 10% af heildartekjum (IFRS 8.34)

8



Tvívátta mikilvægi; segja frá ferlinu við mat á mikilvægi, forgangsraða áhrifum, áhættu og tækifærum (IRO) og sýna hvar þeim er gerð skil í sjálfbærniupplýsingum




Nota þarf tvívátta mikilvægi sem síu fyrir gagnlegar upplýsingar fyrir notendur sjálfbærniupplýsinga, þar með talið;

- nota skýrt tveggja þrepa mat þar sem mikilvægir IRO liðir eru metnir og jafnframt að meta mikilvægi upplýsinganna sjálfra (gagnapunktur og DR)
- lýsa þarf ferlinu við mat á mikilvægi út frá félaginu sjálfu en ekki endurtaka texta úr ESRS 1 eða EFRAG IG1 (boilerplate)
- útskýra á hvaða forsendum mat á mikilvægi er byggt á, svo sem aðferðarfræði, umfang virðisikeðjunnar, lykilorðsmyndir og mat sem stjórnendur nota
- lýsa viðmiðunarmörkum fyrir neikvæðum á IRO, svo sem alvarleikapröskuldum vegna áhrifa félagsins og vísbendingum og þröskuldum vegna áhættu og tækifæra
- greina hvaða haghafar verða fyrir áhrifum og útskýra hvernig sjónarmið þeirra hafa verið fengin og hvernig þau endurspeglast í matinu

9



Tvívátta mikilvægi; segja frá ferlinu við mat á mikilvægi, forgangsraða áhrifum, áhættu og tækifærum (IRO) og sýna hvar þeim er gerð skil í sjálfbærniupplýsingum



Setja fram skýra yfirsýn yfir mikilvæg áhrif, áhættur og tækifæri (IRO) og tilgreina fyrir hverja þeirra;

- tímaramma (skammtíma, meðal- eða langtíma)
- upplýsa um veruleg víxlverkandi tengsl á milli mismunandi IRO

Tengja mikilvæg IRO við viðeigandi ESRS þemu og undirþemu og tilgreina hvar í sjálfbærnisráðgjöf er gerð grein fyrir tengdum stefnum, svo sem aðgerðum, markmiðum og mælikvörðum


Setja fram yfirlit sem listar þær upplýsingakröfur (DR) sem beitt er með síðu- eða kaflatilvísunum og skýrri aðgreiningu á milli mikilvægra og upplýsinga sem ekki eru mikilvægar

Tryggja að upplýsingar um félagið séu skýrt auðkenndar og tengdar við þau IRO sem þau fjalla um

10



Umfang sjálfbærniskýrslna á að vera í samræmi við kröfur í ESRS 1 og á að auðvelda aðgengi og skilning notenda á þeim upplýsingum sem þar koma fram




Umfang sjálfbærniskýrslu og virðisdeðjunnar tekur til;

- þess félags eða samstæðu sem fjallað er um í reikningsskilunum (ESRS 1, ESRS 2.BP-1)
- ef upplýsingar eru ófullnægjandi eða eru takmarkaðar (ESRS 1.133) þarf að gæta þess að;
 - útskýra í hverju þær felast og af hverju,
 - til hvaða ráðstafana félagið hefur gripið til að afla þeirra upplýsinga sem vantar og
 - hvernig félagið ætlar að bæta upplýsingagjöfina á síðari tímabilum
- tryggja þarf gegnsæi ef umfang markmiða eða grunnviða (baseline) hefur breyst frá fyrri árum og útskýra ástæður og áhrif þess

11



Sjálfbærniskýrslan er í fjórum hlutum, skýrt upp byggð og á að byggjast á upplýsingum sem tengjast reikningsskilunum og upplýsingakröfum (DR)




Sjálfbærniskýrslur þurfa að fylgja þeirri uppbyggingu sem kveðið er á um í ESRS stöðlunum og er í fjórum meginhlutum, það er almennt, umhverfið, samfélagið og stjórnarhættir

- nota krossvísanir innan sjálfbærniskýrslunnar, og þar sem heimilt er, samþætta tilvísanir án þess að dreifa upplýsingum svo mjög að notendur geta ekki auðveldlega fylgt þeim (obscure)
- tryggja þarf bein tengsl við reikningsskilin þar sem fjárhæðir eða aðrar magnbundnar upplýsingar birtast á báðum stöðum með því að setja skýrar krossvísanir í viðeigandi liði í fjárhagsyfirlitum eða skýringum
- Forðast tvítekingar og almennt, staðlað orðalag en leggja áherslu á skýrleika og hnitmiðaða framsetningu upplýsinga sem endurspeglar mat á mikilvægi

12



Upplýsingagjöf samkvæmt flokkunarkerfi ESB; breytt samhengi við árið 2025 (ekki sérstakt forgangssvið samkvæmt áhersluatriðum ESMA)




CSRD „Omnibus“ tillögurnar fela í sér breytingar á bæði EU Taxonomy reglugerðinni og sjálfbærnireglugerðinni (CSRD);

- samþykktar af Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins í júlí 2025 og munu í framhaldinu taka gildi að loknu aðferðarferli nema Evrópuþingið og ráðið setji fram andmæli eða breytingar á þeim
- Verðbréfaeftirlit Evrópu hefur í því ljósi ekki sett fram áherslur um upplýsingar samkvæmt flokkunarreglugerðinni í 2025 áhersluatriðunum
- útgefendum er bent á að fylgjast náið með endanlegri staðfestingu á því regluverki sem gildir um sjálfbærniupplýsingar og innleiðingu þeirra í hverju ríki fyrir sig

13



Gæta þess að ESEF merking sjóðstreymis sé rétt, full merking og í samræmi við fjárhæðir í reikningsskilunum



Réttar merkingar (RTS on ESEF, Annex IV);

- tryggja að velja liði samkvæmt flokkunarkerfinu sem endurspeglar nákvæmlega bæði eðli og flokkun hvers liðar fyrir sig innan sjóðstreymis
- gæta þess að nota ekki of víðfeðm hugtök (net sjóðstreymi frá rekstrarhreyfingum er til dæmis merkt fjármögnunarhreyfingum)
- nota eins ítarlega merkingu og unnt er þar sem hægt er


Fullnægjandi þekja og samræmi í merkingum (RTS on ESEF, Annex II);

- tryggja að allir tölulegir liðir í tilgreindri mynt í sjóðstreymisyfirlitinu, þar með talið samanburðarfjárhæðir, séu rétt merktar
- setja inn merkingar fyrir tengdar skýringar þar sem gerð er krafa um það
- ganga úr skugga að merktar upplýsingar stemmi við lesanlegt sjóðstreymisyfirlit (human-readable)

14



Almennt: Frá loftslagforsendum til sjálfbærnistaðla; tryggja samræmda skýrslugerð fyrir reikningsárið 2025 og fylgjast náið með „Omnibus“ og „quick-fix“ tillögunum



Tryggja að loftslag- og önnur sjálfbærniupplýsingagjöf sé í samræmi við upplýsingar og forsendur í reikningsskilunum

Verðbréfaeftirlit Evrópu (ESMA) bendir á nær fullmótuð dæmi um skýringar frá IASB sem sýna hvernig tengja meg saman fjárhagslegar og sjálfbærniupplýsingar

Félög sem falla undir fyrstu bylgju verða áfram að beita núgildandi ESRS stöðlum, aðeins er heimilt að beita endurskoðuðum ESRS stöðlum þegar samsvarandi afleiddar reglur hafa tekið gildi

Lögð er áhersla á vandaða og heiðarlega beitingu gildandi ESRS krafna


Útgefendur ættu að fylgjast náið með;

- innleiðingu CSRD í lög hér á landi og
- væntanlegum yfirlýsingum og tilmælum frá ESMA um ESRS staðlana og flokkunarkerfi ESB (EU Taxonomy)

15



Stjórnendum og endurskoðunarnefndum er bent á að nota áhersluatriði ESMA við framsetningu reikningsskila vegna ársins 2025 og við að styrkja góða stjórnarhætti



Notið áhersluatriðin sem stjórnþæki við undirbúning og gerð reikningsskila

Tryggið að landfræðipólitísk óvissa og áhætta, upplýsingagjöf um starfsþætti, upplýsingar um mikilvægi samkvæmt sjálfbærnistöðlum og ESEF merking sé tekin til skoðunar, metin og skjalfest við gerð reikningsskilanna

Stjórn og framkvæmdastjórn ber ábyrgð á gerð reikningsskilanna og gæðum þeirra upplýsinga sem þar koma fram burtséð frá ábyrgð endurskoðunarnefnda

Endurskoðunarnefndir eiga að spyrja spurninga og ögra;

- lykilforsendur stjórnenda og næmni þeirra
- gæði og heildstæði sjálfbærniupplýsinga
- skjalfesta vandlega mat á mikilvægi og helstu óvissu, þar með talið óvissu sem snýr að landfræðipólitískri óvissu og liðum tengdum sjálfbærni
- tryggja að framsetning reikningsskilanna þoli gagnrýna skoðun fjárfestra og eftirlitsaðila

16



Ársreikningaskrá hefur birt áhersluatriði fyrir þau félög sem beita ársreikningalögum við gerð reikningsskila allt frá árinu 2018 (reikningsárið sem lauk 31. desember 2018)



Sama markmið og hjá Verðbréfaeftirliti Evrópu, það er að tryggja gagnsæi og samanburðarhæfni ársreikninga og samstæðureikninga sem eru samdir eftir ársreikningalögum

Til að benda á þau atriði sem hafa ítrekað komið í ljós við eftirlit á yfirstandandi ári, þ.e. ársreikningar reikningsársins sem lauk 31. desember 2024


Vegna reikningsársins 2025 er sjónum beint að eftirfarandi atriðum;

- hvort að skýrsla stjórnar uppfylli þær kröfur sem til hennar eru gerðar í VI. kafla ársreikningalaga (ásamt kröfum í öðru regluverki)
- hvort að skýringar vegna leigusamninga séu í samræmi við reglu reikningsskilaráðs nr. 6
- hvort að skýringar í reikningsskilum uppfylli ákvæði ársreikningalaga og reglugerðar 696/2019

17



Markmiðið með gerð skýrslu stjórnar er að efla skilning notenda reikningsskilanna á fjárhagslegri stöðu og frammistöðu og lýsa því hvernig stjórnendur horfa á reksturinn



Skýrsla stjórnar á að styðja við og útskýra fjárhagsupplýsingar, ekki aðeins að endurtaka þær

Öll félög þurfa að uppfylla þær grunnkröfur sem fram koma í 65. gr. laganna, þ.m.t. aðalstarfsemi félagsins, þróun í rekstri og fjárhagsstöður og megin áhættu- og óvissuþætti sem félagið stendur frammi fyrir

Fyrir meðalstór og stór félög bætast við ákvæði 66. gr. sem skerpa á kröfum í 65. gr. laganna ásamt því að birta þarf vissar upplýsingar


Stjórnendum stórra félaga er bent á að kröfur í 66. gr. d. eiga enn við hér á landi og því þurfa slík félög að birta ófjárhagslegar upplýsingar

Upplýsingar í skýrslu stjórnar eiga að vera sértækar, hnitmiðaðar og hlutlausar

18



Regla reikningsskilaráðs nr. 6 (RR6) gerir ítarlegar kröfur um upplýsingar um leigusamninga sem félagið hefur gert, bæði rekstrarleigu og fjármögnunarleigu



Stjórnendur geta valið á milli þess að nota alþjóðlegar reikningsskilastaðal um leigusamninga (IFRS 16) eða reglu reikningsskilaráðs nr. 6 (RR6) við meðhöndlun leigusamninga í reikningsskilum en upplýsa þarf um hvorri reglunni er beitt

Þau félög sem beita RR6 þurfa að gera skýra grein fyrir leiguskuldbindingum sínum í skýringarhluta ársreiknings og samstæðureiknings


Að lágmarki þarf að upplýsa um eftirfarandi atriði;

- helstu skilmála, þ.m.t. undirliggjandi eignir, leigutíma og framlengingar- og uppsagnarheimildir
- fjárhæð gjalda sem eru færð í rekstrarreikning vegna leigusamninga og undir hvaða liðum þau eru færð og
- fjárhæðir sem félagið er skuldbundið til að greiða árlega næstu fimm ár frá lokum reikningsárs og samanlagðar fjárhæðir eftir lengri tíma en fimm ár

19



Tilgangur með skýringum með fjárhagsyfirlitum er að útskýra hvernig og af hverju tölurnar í fjárhagsyfirlitum eru eins og þær eru



Skýringar segja notendum frá því hvaða reikningsskilaaðferðum stjórnendur félagsins nota við gerð þeirra, t.d. hvernig tekjur eru færðar, hvernig eignir eru metnar, hvernig afskriftir eru reiknaðar o.s.frv.

Skýringar gera notendum reikningsskilanna kleift að skilja þær forsendur sem stjórnendur gefa sér, mat þeirra og dómgreind

Án skýringa sjá notendur reikningsskilanna aðeins tölur en ekki það sem að baki þeirra liggur

Bæta þarf við upplýsingum sem koma fram í fjárhagsyfirlitum en passa ekki í sjálf yfirlitin, svo sem sundurliðanir á einstaka liðum, upplýsingar um áhættu og skuldbindingar eins og veðsetningar, ábyrgðir og lánaskilmála og upplýsingar um áhættur eins og gjaldeyrisáhættu, lausafjárahættu o.s.frv.

Í glöggri mynd felst að bæta þarf við upplýsingum ef ákvæði ársreikningalaga nægja ekki til að reikningurinn gefi glögga mynd

20



Takk fyrir

Skoðanir sem fram koma í þessari kynningu er skoðanir kynningaraðila, nema annað sé tekið fram. Álit, tilkynningar og annað efni sem varðar eftirlit ársreikningaskrár er birt á upplýsingavef Skattsins, www.skatturinn.is undir Fyrirtækjaskrá – Ársreikningaskrá.

The views expressed in this presentation are those of the presenters, unless otherwise stated. Opinions, notices and other material concerning the supervision of the Registry of Annual Accounts are published on the Icelandic Revenue and Custom information website, www.skatturinn.is under Business Register – Registry of Annual Accounts.